



Akstursíþróttasamband Íslands

Árþing 18. mars 2023

Ellefta árþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið á Café Easy að Engjavegi 6 í Laugardal.

1. Þingsetning

Baldvin Hansson (BH), starfandi formaður, setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

BH stakk upp á Ingimundi Helgasyni sem formanni nefndarinnar, Hrefnu Björnsdóttur og Sigurði Inga Sigurðssyni. Var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta

BH lagði til að Valdimar Leó Friðriksson yrði þingforseti. Var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn þingsins. Valdimar Leó fór hann yfir boðun þingsins og taldi hann það hafa verið gert löglega miðað við fyrirliggjandi gögn. Ekki bárust andmæli við því.

4. Kosning þingritara

Stungið var uppá Aðalsteini Símonarsyni og var það samþykkt.

5. Ávarp gesta

Enginn tók til máls en þingforseti flutti kveðju frá stjórn ÍSÍ.

6. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

BH flutti skýrslu stjórnar:

“Skýrsla stjórnar AKÍS 2022-2023

Ágætu þingfulltrúar, gestir og starfsfólk. Keppnisárið 2022 var viðburðarríkt og heilt yfir vel heppnað. Keppnishald gekk almennt vel og var vel sótt, bæði af keppendum og áhorfendum, þó við viljum auðvitað alltaf meira, og enn megi sækja mikið fram á öllum sviðum.

Í keppnisdagatal voru skráðar 56 keppnir og alls fóru 52 þeirra fram. Í lok tímabils stóðu 28 einstaklingar uppi sem Íslandsmeistarar í sinni grein. Rúmlega 30 unglingar tóku þátt í akstursíþróttakeppnum á tímabilinu sem er flottur hópur og vonandi tekst okkur að fjölga í þeim hóp áfram og hlúa vel að þeim og gefa þeim tækifæri til að vaxa og dafna áfram.

Í því sambandi er ánægjulegt að segja frá því að AKÍS fékk í fyrsta sinn úthlutað úr afrekssjóði ÍSÍ á dögnum. Sú úthlutun getur mögulega lagt grunn að skipulagðara afreksstarfi sem nýtist framsæknu íþróttafólki okkar vel í framtíðinni. Á þinginu leggur stjórn fram endurskoðaða afreksstefnu og lagt er til að stofnuð verði afreksnefnd til að fylgja þessu starfi betur eftir og tryggja framgang uppfærðrar stefnu.

Á árinu tók íslenskt akstursíþróttafólk þátt í nokkrum keppnum erlendis og náði þar ágætis árangri. Við áttum fulltrúa á FIA Motorsport Games í fyrsta sinn og vonandi verður framhald á þeirri þátttöku. AKÍS hefur tekið þátt í Reykjavík International Games undanfarin ár og nú var gert enn betur en áður með BÍKR Rally spretti á hringakstursbraut Kvartmíluklúbbsins. Þetta var ánægjuleg viðbót við hermiaksturskeppni RIG sem einnig fór fram á leikunum.

Nokkur umræða hefur verið um brautarúttektir fastra keppnissvæða og almennt fyrirkomulag slíkra úttekta í öllum greinum. Fráfarandi stjórn hefur undirbúið jarðveginn að nokkru leyti en ekki hafa enn verið gerðar breytingar á reglum hvað þetta varðar. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að ákveða hvernig þessum málum verður háttað á komandi keppnistímabili og til framtíðar en ljóst er að þarna má gera betur.

Nýtt keppnisráð varð til á árinu sem mun annast allt regluverk sem snýr að hermiakstri. Með þessu ráði standa vonir til að skerpt verði á regluverki fyrir hermiakstur og létt á öðrum ráðum á sama tíma þar sem þau geta einbeitt sér að reglum um raunakstur. Þó líkindi séu með keppnishaldi í hermi og raunheimi er þörf á mjög ólíkum reglum á margan hátt og vonandi leiðir þetta skref til enn betra keppnishalds beggja heima.

AKÍS stóð fyrir veglegu lokahófi í ár sem tókst með ágætum. Þeir sem hófið sóttu létu vel af því sem þar fór fram og líklegt verður að telja að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera. Íslandsmeisturum ársins voru afhentar viðurkenningar og verðlaunagripir á lokahófinu og mættu þau þar langflest.

Akstursíþróttakona ársins var Bergþóra Káradóttir og akstursíþróttakarli ársins Gunnar Karl Jóhannesson. Full ástæða er til að óska þeim báðum aftur til hamingju með árangurinn á tímabilinu og þau eru bæði fyrirmyndir og án efa öðru akstursíþróttafólki mikil hvatning.

Stjórn AKÍS hefur stutt við verkefni hóps sem hefur það að markmiði að auka þátttöku kvenna í akstursíþróttum. Vonir standa til að verkefnið vaxi og beri enn meiri árangur á komandi keppnistímabili.

Eitthvað var um slys á tímabilinu og ljóst að enn má gera betur í öryggismálum almennt, forvörnum og fræðslu um öryggi og notkun öryggisbúnaðar. Þá er ástæða til að stefna að betri skráningu slysa og alvarlegra atvika til að nýta þau gögn við endurskoðun reglna, úrbætur og til að mæla árangur af þeim aðgerðum sem gripið er til í þessu sambandi.

AKÍS stóð fyrir námskeiðum fyrir dómnefndarfulltrúa, keppnisstjóra og öryggisfulltrúa á árinu. Slík námskeið eru komin til að vera og hefur sambandið formað og skýrt námskröfur með útgáfu námstefnu sem aðgengileg er á akis.is.

Í vetur hefur verið unnið að breytingum á fyrirkomulagi réttindamála og upptöku- og útsendinga frá akstursíþróttakeppnum. Þessi vinna er yfirstandandi og bindur stjórnin vonir við að hún sé á lokametrunum. Fyrir nýrri stjórn liggur að ljúka þessari vinnu þegar starfshópurinn hefur skilað af sér sínum tillögum.

Þá hefur einnig verið unnið að viðbragðsáætlun þar sem tekið er á ýmsum mikilvægum málum sem varða meðal annars kynferðislegt áreiti og ofbeldi og fleira. Vinnuhópur hefur

verið að störfum í vetur og stefnt hefur verið að viðeigandi breytingum á reglum AKÍS og útgáfu viðbragðsáætlunar sem meðal annars er byggð á viðbragðsáætlun ÍSÍ.

Sambandið hefur notið krafta framkvæmdastjóra í fullu starfi frá 1. júní 2022. Í fjárhagsáætlun 2023 leggur stjórnin til að þessu fyrirkomulagi verði haldið en það verður í höndum nýrrar stjórnar að ákveða með hvaða hætti starfsmaður nýtist sambandinu og aðildarfélögum þess best til framtíðar.

Síðla vetrar sagði Helga Katrín Stefánsdóttir formaður af sér embætti og Baldvin Hansson, með dyggri aðstoð annarra stjórnarmanna, tók við keflinu fram að þingi. Afsögnin hefur skiljanlega litað starfið síðastliðnar vikur en sambandið býr að breiðum hópi bakhjarla sem hafa lagt sig fram við að aðstoða stjórnina í kjölfar formannsskiptanna. Þá hefur Helga Katrín sjálf lagt sig fram um að afsögn hennar hafi sem minnst áhrif á starf sambandsins. Vonir standa til að nýrri stjórn gangi vel við að ljúka þeim verkefnum sem verið hafa í gangi undanfarið.

Á árinu sóttu formaður og framkvæmdastjóri þing FIA og áfram var haldið með samstarf í kennslumálum. Þá var sérstaklega ánægjulegt að Kolbrún Vignisdóttir var valin í hóp einstaklinga sem fengu aðgang að FIA Immersion sem er verkefni sem miðar að því að miðla þekkingu og gera keppnishald á landsvísi enn faglegra. Ísland á að auki fjóra fulltrúa í nefndum FIA. Stjórn hefur rætt að betur mætti nýta þessi tengsl og er það eitthvað sem vert er að huga að á þessu ári.

Þeim einstaklingum sem nú ganga úr stjórn þökkum við samstarfið á liðnum árum. Framtíðin virðist björt þar sem breiður hópur frambjóðenda hefur boðið fram krafta sína fyrir komandi kjörtímabil og við hlökkum til að sameinast um fjölbreytt verkefni að þingi loknu.

Stjórnin vill að lokum þakka öllum aðildarfélögum, keppendum, sjálfboðaliðum við keppnishaldið, starfsfólki sambandsins og öllu fólkinu sem manna ráð og nefndir AKÍS, innilega fyrir mikið og gott og umfram allt óeigingjarnt starf sem þið eruð að vinna í þágu íslenskra akstursípróttla!

Stjórn AKÍS

Baldvin Hansson

Halldór Jóhannsson

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Sigurjón Andersen

Aðalsteinn Símonarson

Halldór Hauksson

Hanna Rún Ragnarsdóttir

Sigfús B. Sverrisson

7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir

Reikningar ársins 2022, ásamt öðrum skjölum þingsins, voru aðgengilegir fyrir þingfulltrúa á lokuðu vefsvæði. Halldór Jóhannsson, gjaldkeri sambandsins, fór yfir helstu tölur og skýrði.

530782-0189 Akstursiþróttasamband Íslands - Efnahags-/rekstrarreikningur Keyrt:9.3.2023 15:46:49

Rekstrarreikningur 31.12.2022

Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Keppnisgjöld.....	10.875.562 kr	12.483.268 kr
- þ.a. hluti keppnishaldara.....	(9.361.000 kr)	(11.781.000 kr)
Umsagnargjöld.....	391.500 kr	431.730 kr
Kærur og sektir.....	(0 kr)	75.000 kr
Lottótekjur.....	6.217.274 kr	5.765.892 kr
Útbreiðslustyrkur.....	3.817.312 kr	3.596.078 kr
Ríkisstyrkur.....	2.750.000 kr	2.750.000 kr
Samtals tekjur	14.690.648 kr	13.320.968 kr
Laun og launatengd gjöld.....	6.135.496 kr	0 kr
Verktakalaun.....	1.944.279 kr	5.208.000 kr
Styrkir til aðildarféлага.....	0 kr	375.000 kr
Námskeið og námskeiðsstyrkir.....	0 kr	107.850 kr
Aðkeypt þjónusta.....	396.567 kr	0 kr
Afrestsstarf.....	114.560 kr	136.507 kr
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	518.979 kr	252.530 kr
Húsaleiga.....	355.968 kr	323.604 kr
Ferðakostnaður dómnefnda.....	550.251 kr	241.757 kr
Ferðakostnaður innanlands.....	305.905 kr	235.355 kr
Ferðakostnaður erlendis.....	1.101.106 kr	1.050.810 kr
Rekstrarvörur.....	185.584 kr	31.170 kr
Lokahóf og viðurkenningar.....	1.371.824 kr	389.861 kr
Fundir.....	282.560 kr	107.476 kr
Banka- og kortapóknanir.....	199.527 kr	123.662 kr
Gjöld til FIA.....	757.299 kr	862.125 kr
Annar rekstrarkostnaður.....	153.717 kr	0 kr
Samtals gjöld	14.373.622 kr	9.445.707 kr
Rekstrarhagnaður	317.026 kr	3.875.261 kr
Vaxtatekjur.....	17.792 kr	4.734 kr
Vaxtagjöld.....	(0 kr)	(96 kr)
Hagnaður/(Tap) ársins	334.818 kr	3.879.899 kr

Akstursiþróttasamband Íslands Kt. 5307820189 - Rekstrarreikningur 31.12.2022

Efnahagsreikningur 31.12.2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
		0 kr	0 kr
Veltufjármunir			
ÍSí staða.....		2.212.217 kr	2.219.931 kr
Viðskiptakröfur.....		0 kr	50.000 kr
Handbært fé.....		13.873.319 kr	13.077.812 kr
Samtals eignir		16.085.536 kr	15.347.743 kr
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		14.761.961 kr	10.882.062 kr
Hagnaður/(Tap) ársins.....		334.818 kr	3.879.899 kr
Eigið fé samtals		15.096.779 kr	14.761.961 kr
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir.....		988.757 kr	585.782 kr
Samtals skammtímaskuldir		988.757 kr	585.782 kr
Samtals skuldir og eigið fé		16.085.536 kr	15.347.743 kr

Akstursiþróttasamband Íslands Kt. 5307820189 - Efnahagsreikningur 31.12.2022

8. Álit kjörbréfanefndar

Ingimundur Helgason fór yfir niðurstöður kjörbréfanefndar, en á þingið voru mættir fulltrúar frá 8 félögum, samtals 22 fulltrúar.

Skipting fulltrúa eftir félögum kemur fram í viðauka 1.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Enginn tók til máls og engar spurningar bárust.

10. Samþykkt reikninga

Reikningar ársins 2022 voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram, rædd og samþykkt

Halldór Jóhannsson fór yfir fjárhagsáætlun sem fráfarandi stjórn hafði samið, en hún gerir ráð fyrir 1,2 millj. kr tapi á rekstrarárinu 2023.

FIÁRHAGSÁÆTLUN OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR					
	Áætlun 2023	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Rekstrartekjur					
Keppnisgjöld	2.100.000	1.514.562	700.000	702.268	1.000.000
Þóknun keppnishaldara					
Umsagnargjöld	400.000	391.500	400.000	431.730	350.000
Kærur og sektir	0	0	0	75.000	0
Lottótekjur	6.300.000	6.217.274	4.700.000	5.765.892	4.200.000
Útbreiðslustyrkur	3.500.000	3.817.312	2.700.000	3.596.078	2.250.000
Ríkisstyrkur	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000	2.750.000
Afrefssjóður	787.500	0	0	0	0
Aðrar tekjur					
Erlendir styrkir					
Vaxtatekjur	500.000	17.792	0	4.638	0
Samtals tekjur	16.337.500	14.708.440	11.250.000	13.325.606	10.550.000
Rekstrargjöld					
	Áætlun 2023	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Laun og ltegd gjöld auk verktaka	11.000.000	8.079.775	10.000.000	5.208.000	5.200.000
Heimildarvinna	0	0	150.000	0	150.000
Styrkir til aðildarféлага	0	0	0	375.000	0
Námskeiðahald	300.000	0	300.000	107.850	500.000
Aðkeypt þjónusta	400.000	396.567	700.000	0	500.000
Afrefsstarf	787.500	114.560	300.000	136.507	200.000
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	400.000	518.979	400.000	252.530	200.000
Húsaleiga	400.000	355.968	350.000	323.604	300.000
Ferðakostnaður dómnefnda	500.000	550.251	400.000	241.757	600.000
Ferðakostnaður innanlands	400.000	305.905	300.000	235.355	250.000
Ferðakostnaður erlendis	400.000	1.101.106	1.250.000	1.050.810	1.000.000
Rekstrarvörur	200.000	185.584	0	0	600.000
Lokahóf og viðurkenningar	1.200.000	1.371.824	1.100.000	389.861	150.000
Fundir (aðal og formannafundir)	300.000	282.560	200.000	107.476	350.000
Bankaþóknunir	200.000	199.527	50.000	123.662	50.000
FIA árgjald	960.000	757.299	900.000	862.125	800.000
Annar rekstrarkostnaður	100.000	153.717	200.000	31.170	250.000
FIA Brautarverkefni					
Samtals gjöld	17.547.500	14.373.622	16.600.000	9.445.707	11.100.000
Rekstrarniðurstaða	-1.210.000	334.818	-5.350.000	3.879.899	-550.000

Nokkrar spurningar komu frá hinum ýmsu þingfulltrúum, s.s. varðandi vaxtatekjur, keppnisgjöld, lokahóf og ferðakostnað.

Fjölmarginir bentu á að megin kostnaður sambandsins væri laun, og að engan vegin væri verjandi að vera með starfsmann í fullu starfi á svona háum launum miðað við reynsluna síðasta árið af því fyrirkomulagi. Einnig var í tengslum við umræðuna um kostnað við starfsmann óskað eftir upplýsingum um eiginlegar ástæður þess að Helga Katrín hefði sagt af sér formennsku fyrir nokkrum vikum. BH og AS fóru yfir að erfiðleikar hefðu verið í samstarfi Helgu Katrínar og framkvæmdastjóra um nokkurn tíma, en Helga Katrín hefði sjálf

valið að segja af sér um miðjan febrúar, þegar einungis mánuður var til ársþings. Stjórn taldi á þeim tíma ekki mögulegt að segja framkvæmdastjóranum upp þar sem uppsagnarfrestur var þrjú mánuðir en samningurinn myndi renna úr gildi á ársþingi. Jafnframt kom fram í máli BH og AS að þeir teldu ekki fullreynt með að hafa starfsmann í fullu starfi. en s.l. ár hefði markast mjög af óeiningu innan stjórnar og fyrgreindum samstarfsörðuleikum formanns og framkvæmdastjóra.

All nokkur frekari umræða fór fram um starfshlutfall og laun starfsmanns, en niðurstaðan varð að breyta ekki áætlaðri upphæð í laun, en stjórn falið að leita leiða til að minnka þennan kostnað ef mögulegt væri, hugsanlega með samstarfi við aðra um starfsmann.

Fram komu tvær tillögur um að í fjárhagsáætlun væri gert ráð fyrir styrkjum til aðildarfélaga, sem stjórn gæti úthlutað samkvæmt reglum þar um. Skiptar skoðanir voru í umræðum um tillögurnar, en í atkvæðagreiðslu var samþykkt að áætla 5,0 millj. í þennan lið.

Að lokum var fjárhagsáætlunin frá stjórn samþykkt, með fyrrgreindri breytingu o.þ.a.l. 6,21 milljóna halla. 19 greiddu atkvæði með áætluninni en 1 var á móti.

Undir umræðum um fjárhagsáætlun bættist þingfulltrúi frá BS við þingfulltrúa í sal. Þingforseti gaf Ingimundi Helgasyni orðið eftir atkvæðagreiðsluna um fjárhagsáætlunina. Sagði Ingimundur að kjörbréfanefnd leggði til að þingið samþykkti kjörbréf frá Bílaklúbbi Skagafjarðar og þingfulltrúar væru þar með orðnir 23. Var það samþykkt samhljóða.

12. Afreksstefna lögð fram, rædd og samþykkt

BH kynnti stefnuna og helstu breytingar:

“Stjórn AKÍS leggur nú fyrir þingið uppfærða afreksstefnu fyrir árin 2023-2028.

Afreksstefnan var síðast endurskoðuð 2020. Við endurskoðun afreksstefnunnar 2023, sem unnin var af Helgu Katrínu Stefánsdóttur, Sigurjóni Andersen og Ísaki Guðjónssyni, var farið yfir stefnuna í heild, hún lagfærð þar sem betur þótti mega fara og felld út smávægileg ákvæði sem talin voru úrelt.

Fyrri stefna kvað á um landsliðsnefnd AKÍS. Hún hefur svo sem aldrei starfað sem slík þó tilraunir hafi verið gerðar til að vekja hana. Nú er lagt til að sett verði saman afreksnefnd. Orðalagsbreytingin endurspeglar kannski dálítið heildstæðari markmið nefndarinnar.

Áður var kveðið á um menntanefnd sem þó hefur aldrei náðst að skipa. Þó hefur verið unnið markvisst að bættu menntakerfi og m.a. hefur AKÍS sett sér námskrá sem er vísir að formlegu menntakerfi. Ákvæði um menntanefnd hefur verið fellt út en áfram er kveðið á um að unnin verði heildarstefna í kennslumálum. Vonir standa til þess að afreksnefnd geti aðstoðað við að reka málið áfram með stjórn sambandsins.”

Framlögð stefna var samþykkt samhljóða.

Þinghlé kl. 11.58 - 12.30.

13. Lagabreytingatillögur

BH fór yfir eftirfarandi tillögur frá stjórn um breytingar á lögum AKÍS, en þær höfðu verið sendar út með síðara fundarboði.

7. grein, 6. töluliður breytist þannig að:

Var	Verður
6. Formenn (eða fulltrúa þeirra) nefnda og ráða AKÍS;	6. Formenn (eða fulltrúar þeirra) nefnda og ráða AKÍS;

BH: *“Hér er um einfalda stafsetningarleiðréttingu að ræða.”*

- Samþykkt samhljóða.

8. grein, 7. og 15. töluliðir breytast þannig að:

Var	Verður
7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir	7. Reikningar AKÍS staðfestir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir
15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.	15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir

BH: *“Í 7. tölulið er lagt til að krafist sé staðfestingar skoðunarmanna en ekki einungis skoðunar sem er óskýrara orðalag.”*

- Samþykkt samhljóða.

BH: *“Í 15. tölulið er tekinn út punktur á eftir töluliðnum til að samræma hann við alla aðra töluliði greinarinnar.”*

- Samþykkt samhljóða.

13. grein breytist þannig að:

Var	Verður
<p>Innan AKÍS skulu starfa keppnisráð fyrir hverja akstursíþróttagrein.</p> <p>Aðildarfélagi sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í tiltekinni keppnisgrein síðastliðin tvö ár eða er með keppni skráða á yfirstandandi keppnisári er heimilt að skipa fulltrúa í keppnisráð þeirrar</p> <p>Aðildarfélag skal á hverju keppnistímabili tilnefna einn fulltrúa í keppnisráð í hverri þeirri grein sem það heldur keppni í. Skal sú tilnefning eiga sér stað innan fjögurra vikna frá ársþingi AKÍS. Aðildarfélagi sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í tiltekinni keppnisgrein síðastliðin tvö ár heimilt að skipa fulltrúa í keppnisráð þeirrar greinar.</p> <p>Stjórn AKÍS er heimilt að skipa einn fulltrúa í hvert keppnisráð.</p> <p>Ráðin skipa sjálf þá fulltrúa sem sjá um erlent samstarf í hverri grein.</p> <p>Hlutverk og skipulag keppnisráða skal skilgreint í reglugerð.</p>	<p>Innan AKÍS skal starfa keppnisráð fyrir hverja grein akstursíþróttar. Hlutverk og skipulag keppnisráða skal skilgreint í reglugerð.</p> <p>Aðildarfélag skal á hverju keppnistímabili tilnefna einn fulltrúa í keppnisráð í hverri þeirri grein sem það heldur keppni í. Skal sú tilnefning eiga sér stað innan fjögurra vikna frá ársþingi AKÍS. Aðildarfélagi sem hefur haldið að minnsta kosti eina keppni í tiltekinni keppnisgrein síðastliðin tvö ár heimilt að skipa fulltrúa í keppnisráð þeirrar greinar.</p> <p>Keppnisráð skal kjósa sér formann. Fyrirkomulag formannskosningar skal skilgreina í reglugerð.</p> <p>Stjórn AKÍS er heimilt að skipa einn fulltrúa í hvert keppnisráð.</p>

BH: *“Hér er um dálitla breytingu að ræða sem byggir á reynslu af núgildandi fyrirkomulagi þar sem reynt er að leggja grunn að meiri skilvirkni.”*

Talsverð umræða varð um framlagða breytingatillögu á 13. grein, og var m.a. velt upp hvort ekki væri eðlilegt að keppendur ættu fulltrúa í keppnisráði og eða þau aðildarfélög sem væru með skráða keppendur í viðkomandi grein.

Fram kom munnleg tillaga um að keppendur ættu fulltrúa í keppnisráði. Þingforseti heimilaði framlagningu hennar með þessum hætti og við atkvæðagreiðslu fékk hún 12 já og 10 nei.

Taldist hún þar með felld þar sem $\frac{2}{3}$ atkvæða þarf til að breyta lögum.

Var þá upphafleg tillaga borin upp og - Samþykkt samhljóða.

Lögin í heild voru síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Breytt lög samþykkt og fara nú til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til samþykktar og taka svo gildi.

14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

BH kynnti breytingar sem stjórn AKÍS hefur gert á Reglugerð um keppnishald annarsvegar og Reglugerð um keppnisráð hinsvegar, en þær eru aðgengilegar á vef sambandsins. Nokkrar umræður urðu um reglugerðirnar, s.s. um sjúkrafulltrúa og birtingu keppnisdagatals.

15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir

Ekkert tekið fyrir.

16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál

Ekkert tekið fyrir, atkvæðagreiðslur um lagabreytingar fóru fram jafnóðum undir dagskrárlíð 13.

17. Kosningar

17.a.1 Formaður

Aðeins hafði borist framboð frá Tryggva Magnúsi Þórðarsyni, var kjör hans staðfest með lófataki.

17.a.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Framboð til aðalmanns bárust frá eftirtöldum:

Ara Halldóri Hjaltasyni, Atla J. Einarssyni, Hönnu Rún Ragnarsdóttur, Jóni Þór Jónssyni og Sigurði Inga Sigurðssyni.

Flest atkvæði hlutu Ari, Jón Þór og Sigurður og teljast þeir því rétt kjörnir til tveggja ára, eða fram að ársþingi 2025.

17.a.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Framboð til varamanns bárust frá:

Atla J. Einarssyni, Hönnu Rún Ragnarsdóttur, Kolbrúnu Vignisdóttur og Lindu Dögg Jóhannsdóttur.

Hlaut Kolbrún flest atkvæði, Linda næst flest og Hanna þriðju flest og teljast þær því rétt kjörnar til eins árs, eða fram að ársþingi 2024.

17.b Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Tillaga kom frá stjórn um Ingimund Helgason og Hörð Þorsteinsson.

- Samþykkt samhljóða.

17.c Kosning fulltrúa ÍSÍ þing

Þingforseti lagði til, í samráði við formann, að stjórn yrði falið að tilnefna fulltrúa.

- Samþykkt samhljóða.

17.d Áfrýjunardómstóll

Stjórn lagði til að dómstóllinn yrði áfram skipaður sömu aðilum og hafa verið í honum undanfarin ár en það eru;

- Hannes J. Hafstein hdl.
- Skúli Bjarnason hrl
- Árni Árnason
- Berglind Jónasardóttir og
- Þórhallur B Jósepsson.

- Samþykkt samhljóða.

18. Önnur mál

Samkvæmt 10. grein laga AKÍS skal ákveða stað og dagsetningu formannafundar á ársþingi. BH lagði til að stjórn yrði falið að ákveða stað og dagsetningu og var það samþykkt samhljóða.

19. Þingslit

Valdimar Leó Friðriksson þakkaði þingfulltrúum fyrir daginn og bauð ný kjörnum formanni, Tryggva M Þórðarsyni að ávarpa þingið og slíta því.

Tryggvi steig í pontu og sagðist bjartsýnn á árið og þakkaði fyrir hreinskiptin og góð skoðanaskipti á þinginu.

Þinginu var slitið kl. 13.52.

Viðauki 1 - félög og fjöldi þingfulltrúa þeirra

Nafn aðildarfélags	Fjöldi mættra þingfulltrúa
Akstursíþróttafélag Suðurnesja	1
Torfærulúbbur Suðurlands	3
Akstursíþróttafélagið Start	1
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	4
Kvartmíluklúbburinn	4
Bífreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur	3
Akstursíþróttanefnd Umf. Heklu	2
Bílaklúbbur Akureyrar	4
Bílaklúbbur Skagafjarðar	1

Viðauki 2 - nafnaskrá

Nafn	Félag	Kjörbréf
Íris Sigtryggsdóttir	AIFS	AIFS
Sigurður Ingi Sigurðsson	TKS	TKS
Páll Jónsson	TKS	TKS
Guðbjörn Grímsson	TKS	TKS
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	Start	Start
Linda D Jóhannsdóttir	AÍH	AÍH
Valdimar J Sveinsson	AÍH	AÍH
Ari H Hjaltason	AÍH	AÍH
Atli J Einarsson	AÍH	AÍH
Ingólfur Arnarson	KK	KK
Ingimundur Helgason	KK	KK
Sigurjón Andersen	KK	KK
Ingólfur Snorrason	KK	KK
Kolbrún Vignisdóttir	BÍKR	BÍKR
Guðmundur Örn Þorsteinsson	BÍKR	BÍKR
Aðalsteinn Símonarson	BÍKR	BÍKR
Kári Rafn Þorbergsson	Hekla	Hekla
Rúnar Gunnarsson	Hekla	Hekla
Hrefna Björnsdóttir	BA	BA
Aníta Ösp Waage	BA	BA
Halldór Hauksson	BA	BA
Ragnar S Ragnarsson	BA	BA
Heiða Friðjónsdóttir	BS	BS
Hanna Rún Ragnarsdóttir	AKÍS	
Baldvin Hansson	AKÍS	
Halldór Jóhannsson	AKÍS	
Tryggvi M Þórðarson	AKÍS	